

Ráðstefnugestir voru himinlifandi með vel heppnaða þing.



■ ■ ■ Elsa Valdsdóttir

Sameiginlegt Vísindapíng 2025

Föstudaginn 4. apríl var haldið sameiginlegt vísindapíng Skurðlæknafélags Íslands, Svæfinga- og gjörgæslulæknafélags Íslands, Félags íslenskra fæðinga- og kvensjúkdómalækna, Fagræðs hjúkrunar aðgerðarsjúklinga og Fagdeilda skurðhjúkrunarfræðinga, svæfingar- og gjörgæsluhjúkrunarfræðinga. Þingið var haldið á hótél Hilton og var metþátttaka, en tæplega 400 manns skráðu sig til leiks.

Í sameiginlegri málstofu var fjallað um lyfja- og skurðmeðferð við offitu og þær áskoranir sem skurðmeðferð sjúklinga með offitu getur valdið. Í málstofu félaganna var fjallað um fjölbreytt vandamál: áhrif offitu á svæfingar, slysa-skurðlækningar í víðu samhengi og ýmis lögfræðileg og siðfræðileg álitafni tengd þungunarrofi. Bæklunarlæknar voru með málstofu þar sem einnig kenndi ým-issa grasa, meðal annars var fjallað um endurhæfingu og íþróttáverka. Sextán

veggspjöld voru kynnt. Vísindaerindi voru alls 24 og spönnuðu vítt svið allra sérgreina. Sex erindi voru valin á sérstaka verðlaunamálstofu og voru viðurkenningar veittar fyrir þrjú bestu erindin að mati dómnefndar. Hjalti Dagur Hjaltason hlaut þriðja sæti með erindi sitt „Samtenging garnar innan eða utan kviðarhols við hægri ristilbrottnám í kviðsjá“, Hafþór Sigurðsson var í öðru sæti með erindi sitt „Útkoma axlarskipta á Íslandi metin með Oxford Shoulder Score. Fyrstu niðurstöður úr fram-skyggnri, rafrænni skráningu“. Fyrsta sætið hreppti Brynhildur Tinna Birgisdóttir með erindi sitt „Breytingar í skammtímabreytileika fósturhjarðsláttar til greiningar á líknarbelgssýkingu: afturskyggn ferilrannsókn“. Að lokinni dagskrá gerðu ráðstefnugestir sér glaðan dag til að fagna góðri ráðstefnu og uppskeru vísindavinnu.



Nokkrir af fyrirlesurum þingsins, frá vinstri talið: Bjarni Geir Viðarsson, skurðlæknir, Guðrún Þuríður Höskuldsdóttir, yfirlæknir og Guðný Einarisdóttir, sérfræðingur í hjúkrun. Á myndina vantar Gunnar Auðólfsson, lýtalækni. Myndir E.V.



Veitt voru verðlaun fyrir bestu vísindaerindin. Frá vinstri talið eru Jóhanna Gunnarsdóttir, fulltrúi félags íslenskra fæðinga- og kvensjúkdómalækna, Katrín María Þórnar, formaður svæfinga- og gjörgæslulæknafélags Íslands, Hafþór Sigurðsson, Brynhildur Tinna Birgisdóttir, Hjalti Dagur Hjaltason og Elsa Valdsdóttir, formaður skurðlæknafélags Íslands.



Á myndinni frá vinstri eru Hjalti Dagur Hjaltason, Hafþór Sigurðsson, Hanna María Geirdal, Rakel Hekla Sigurðardóttir, Hjalti Reykdal Snorrason og Brynhildur Tinna Birgisdóttir.